

Sp.

8. Beiðni um skýrslu

[8. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um úrvinnslu sjávarafla, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um úrvinnslu sjávarafla undanfarin fjögur ár, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi. Jafnframt er óskað eftir að fram komi mat sjávarútvegsráðherra á því hvaða hagnýting á sjávarafla og vinnsluaðferðir séu þjóðhagslega hagkvæmastar og hver sé stefna ráðherrans í þeim efnum varðandi næstu ár.

Þess er óskað að í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar og mat á eftirfarandi atriðum:

1. Hversu mikill hluti bolfiskafllans hefur farið til:
 - a. útflutnings ífisks,
 - b. frystingar um borð í togurum,
 - c. frystingar í landi,
 - d. söltunar,
 - e. skreiðarverkunará árunum 1982, 1983, 1984 og 1985.
2. Hversu mikið af beinum og slógi, lifur og hrognum hefur verið nýtt, flokkað eftir verkunar- og veiðiaðferðum, og hversu miklu hefur verið hent á þessum árum.
3. Hve mikið hefur verið fjárfest árlega á tímabilinu 1982–1985 (reiknað til verðlags í janúar 1986) í heild og flokkað eftir útgerðarstöðum:
 - a. í nýjum fiskiskipum,
 - b. í breytingum á eldri skipum,
 - c. í frystitogurum og frystibúnaði um borð í veiðiskipum,
 - d. í fiskvinnslustöðvum og búnaði til úrvinnslu sjávarafla í landi.
4. Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu til einstakra þátta samkvæmt 3. tölulið.
5. Hversu mikið hefur verið fjárfest á tímabilinu 1982–1985:
 - a. vegna rækjuveiða,
 - b. vegna rækjuvinnslu.Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu vegna þessara þátta.
6. Hvaða vitneskja og mat liggur fyrir á veiðipóli rækjustofna á Íslandsmiðum.
7. Hvaða þættir eru það sem einkum hafa valdið mikilli aukningu:
 - a. á útflutningi ísvarins fisks,
 - b. á útgerð frystitogara.Hvort um sé að ræða mismunun í gjaldtöku og skattlagningu sem ýtir undir þessa þróun umfram vinnslu í landi og í hverju sú mismunun sé þá fólgin.
8. Hvernig sjávarútvegsráðuneytið metur hagkvæmni og þjóðhagslega arðsemi:
 - a. af útflutningi ísvarins fisks,
 - b. af útgerð frystitogara,
 - c. af hefðbundinni fiskverkun í landi.
9. Hvers konar úrvinnslu sjávarafla sjávarútvegsráðherra telur hagkvæma og skynsamlega á komandi árum, m.a. með hliðsjón af mörkuðum og þeirri fjárfestingu og byggð sem fyrir er í landinu.

...
Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 10. okt. 1986.

Hjörleifur Guttormsson.

Garðar Sigurðsson.

Geir Gunnarsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Helgi Seljan.

Ragnar Arnalds.

Skúli Alexandersson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Svavar Gestsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sp.

8. Beiðni um skýrslu

[8. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um úrvinnslu sjávarafla, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni,
Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Ragnari Arnalds,
Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um úrvinnslu sjávarafla undanfarin fjögur ár, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi.

Þess er óskað að í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar og mat á eftirfarandi atriðum:

1. Hversu mikill hluti bolfiskaflans hefur farið til:
 - a. útflutnings ísfisks,
 - b. frystingar um borð í togurum,
 - c. frystingar í landi,
 - d. söltunar,
 - e. skreiðarverkunará árunum 1982, 1983, 1984 og 1985.
2. Hversu mikið af beinum og slógi, lifur og hrognum hefur verið nýtt, flokkað eftir verkunar- og veiðiaðferðum, og hversu miklu hefur verið hent á þessum árum.
3. Hve mikið hefur verið fjárfest árlega á tímabilinu 1982–1985 (reiknað til verðlags í janúar 1986) í heild og flokkað eftir útgerðarstöðum:
 - a. í nýjum fiskiskipum,
 - b. í breytingum á eldri skipum,
 - c. í frystitogurum og frystibúnaði um borð í veiðiskipum,
 - d. í fiskvinnslustöðvum og búnaði til úrvinnslu sjávarafla í landi.
4. Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu til einstakra þátta samkvæmt 3. tölulið.
5. Hversu mikið hefur verið fjárfest á tímabilinu 1982–1985:
 - a. vegna rækjuveiða,
 - b. vegna rækjuvinnslu.Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu vegna þessara þátta.
6. Hvaða vitneskja og mat liggur fyrir á veiðipóli rækjustofna á Íslandsmiðum.
7. Er um að ræða mismunun í gjaldtöku og skattlagningu sem ýtir undir útflutning á ísvörðum fiski og útgerð frystitogara og ef svo er, í hverju er sú mismunun fólgin?
8. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um þjóðhagslega hagkvæmni varðandi mismunandi vinnsluaðferðir og hagnýtingu sjávarafla?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 10. okt. 1986.

Hjörleifur Guttormsson.	Geir Gunnarsson.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Helgi Seljan.	Ragnar Arnalds.
Skúli Alexandersson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Svavar Gestsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.